

Siðareglur Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð

Siðareglum Festu – miðstöðvar um samfélagsábyrgð er ætlað að varðveita orðspor, fagmennsku og trúverðugleika miðstöðvarinnar. Stjórn, starfsmenn og félagar í Festu skulu vinna í samræmi við þær. eftir gildum Festu; heiðarleika, þekkingarmiðlun og samvinnu. Aðilar leggja sig fram um að miðla og efla þekkingu og stuðla að málefnalegri, faglegri og gagnrýnni umræðu á sviði samfélagsábyrgðar.

Starfsemi Festu

- Stjórnarmenn og starfsmenn Festu sem taka þátt í opinberri umræðu eru faglegir og meðvitaðir um ábyrgð sína.
- Stjórn og starfsfólki viðhefur opna og upplýsta umræðu við ákvörðunartöku.
- Stjórn og starfsfólk gerir ekkert í störfum sínum sem skaðar orðstír Festu.
- Stjórn og starfsfólk vinnur saman af heilindum og forðast að láta persónulega hagsmuni hafa áhrif á samvinnu.
- Stjórn og starfsfólk gætir þess að láta ekki pólitískar eða trúarlegar skoðanir hafa áhrif á fagleg störf sín fyrir Festu.
- Gæta skal þess að fara vel með fjármuni og önnur verðmæti sem stjórn og starfsmönnum er trúað fyrir eða þeir hafa til umráða.
- Stjórn og starfsfólk kemur fram af virðingu og kurteisi óháð trú, kyni stjórnamálskoðunum eða annarri mögulegri aðgreiningu og beitir ekki aðra einelti, áreitni eða ofbeldi af neinu tagi.
- Stjórn og starfsfólk gætir þagmælsku um atriði sem þau fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara. Þagmælska skal virt eftir að viðkomandi lætur af störfum fyrir félagið.

Félagar í Festu – fyrirtæki og stofnanirskipulagsheildir

- Félagar í Festu leitast við að stunda ábyrga starfsemi og gefa rétta mynd af samfélagsábyrgð sinni.
- Félagar koma ætíð fram af fagmennsku og láta ekki sérhagsmuni hafa áhrif á starfssemi Festu.
- Félagar hagnýta sér ekki upplýsingar hver um annan, á óeðlilegan máta og fjalla um mál hvers annars í trúnaði og af nærgætni og heiðarleika.
- Félagar sýna öðrum traust í þekkingarmiðlun á vegum Festu, svo sem á félagsfundum eða lokuðum spjallsvæðum.
- Félagar, t.d ráðgjafar og ráðgjafafyrirtæki, skulu nýta ekki nýta viðburði Festu, svo sem fundi og lokuð spjallsvæði ~~eða fundi~~, í þeim tilgangi að skapa sér viðskipti við félagsmenn, nema það sé yfirlýstur tilgangur viðburðarins.

Siðareglurnar eru ekki tæmandi lýsing á góðum starfsháttum, heldur ber hver og einn ábyrgð á því að starfa í anda gilda Festu ~~af heiðarleika og stuðla að þekkingarmiðlun og samvinnu.~~ Allir félagar bera ábyrgð á því að siðareglunum sé fylgt.

Stjórn Festu tilnefni eftir þörfum þriggja manna siðanefnd sem úrskurðar um brot. Ábendingar um brot skulu berast stjórn. Brot á siðareglunum geta varðað áminningu en einnig missi félagsaðildar ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða.

Siðareglurnar endurskoðist árlega eftir þörfum til samþykktar á aðalfundi félagsins.

Siðareglur þessar voru samþykktar á aðalfundi Festu þann 23. apríl 2013

Síðustu tveim Bætt var inn áhersluatriðum nr. 7 og 8 í kaflanum um „Starfsemi Festu“ var bætt inn á aðalfundi 25. apríl 2018

Lítilsháttar orðalagsbreytingar gerðar og samþykktar á aukaaðalfundi Festu 19. september 2019